

Fundargerð 161. fundar Fræðslunefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg

Fundardagur: mánudagurinn 3.nóv 2025

Fundartími: Krakkaborg 16:40 – 17:40

Sameiginlegt 17:40 – 17:50

Flóaskóli 17:50 – 18:30

Fundarmenn: Bjarni Stefánsson, formaður

Margrét Drífa Guðmundsdóttir, aðalmaður

Axel Páll Einarsson, ritari

Hjalti Guðmundsson, aðalmaður

Sævar Örn Sigurvinsson, aðalmaður

Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Flóaskóla

Jóhanna Margrét Eðvaldsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla

Bryndís Óskarsdóttir, fulltrúi foreldra

Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar

Helga Rut Hallgrímsdóttir, fulltrúi foreldra Krakkaborgar.

1. Krakkaborg

a) Fréttir af skólastarfinu

Lífið í Krakkaborg er að ganga sinn vanagang. Við erum enn að taka á móti nýjum nemendum en í það minnst tveir nemendur bætast við á Lóudeild. Og við höfum enn pláss fyrir fleiri.

Örlitlar starfsmannabreytingar verða núna um mánaðarmótin en einn starfsmaður hefur sagt upp en búið er að auglýsa stöðuna og er ráðningarferli að ljúka.

Núna ný verið voru skráningadagar en á þeim dögum var mjög fámennt en 15 nemendur af 37 voru skráðir annann daginn en 12 nemendur hinn dagnn. 7 starfsmenn voru í húsi aðrir starfsmenn tóku út styttingu og/eða orlof.

Við bíðum spennt eftir danskennaranum en hann er væntanlegur í næstu viku.

Framundan hjá okkur er hrekkjavaka, starfsdagur með SVÁ, MMS og leikskólum úr uppsveitunum, afmæli Blæ og Lubba og svo margt fleira.

Leikskólinn hefur loks fest kaup á viðbót við bamba húsið góða og er það væntanlegt á næstu vikum. Önnur leiktæki eru enn í skoðun og er leikskólastjóri enn að skoða hvaða möguleikar eru í boði ásamt því að býða eftir svari frá heilbrigðiseftirlitinu hvað heimasmiðið varðar.

b) Fjárhagsáætlun fyrstu drög

Fræðslunefnd fór yfir fjárhagsáætlun með leikskólastjóra og hún setur fram góðar og greinagóðar útskýringar, er með hóflegar kröfur og skilgreinir eftir bókhaldslyklum.

Útskýringar á Fjárhagsáætlun eftir lyklum

1010 laun – leikskólastjóri leggur til 25% hækkun, gert er ráð fyrir að launaliður sé 14.000.000 á mánuði miðaða við núverandi launakostna

1011 yfirvinna- leikskólakennari í loknu og er því dýr kostur, hefur ekki gengið finna annann kost. Ásamt því að undirbúningur hefur safnast örlítið upp núna í byrjun skólaárs. Mikil fjarvera og veikindi starfsmanna hafa haft áhrif á starfið.

2190 mótuneyti- matvæli hafa hækkað og eru enn að hækka. Matráður í Krakkaborg er hlyntur því að huga að sameiginlegum kaupum og pressa þar með á frekari afslætti hjá stórfyrirtækjum og spara sendingarkostnað.

2510 rafmagn – hefur verið óbreytt í að minnsta 3 ár en nú hefur kostnaður á mánuði hækkað þrátt fyrir að við spörum ljósin eins og hægt er. Fyrir hugað er að skipta um perur og skipta yfir í led en erum núna með Flúor lýsingu.

2895 leikföng – við erum alltaf að bæta í opin efnivið hjá okkur. ofarlega á óskalistanum eru Holububbar en ekki liggur fyrir tilboð í þá kubba núna en þeir eru mjög dýrir en endingargóðir.

2993 föndurefni- við reynum eins of við getum að nota það sem okkur er gefið en verð á málingu og öðru föndurefni hefur hækkað.

3011 hreinlætisvörur- gífurleg hækkun hefur orðið á þessum lið, við nýtum margnota þvottaklúta til að þurrka hendurnar og önnur heinsiefni eru notuð í lágmarki.

3031 sími- 2760 kr á mánuði fyrir 4 símanúmer

3740 ræsting – örlítill hækkun

c) Handbókargerð

Skóla og velferðarþjónusta suðurlands hefur boðið öllum leikskólum og fræðslunefndum í Árnessýslu til lokahófs á Vínstofu Friðheima til að kynna Handbækur. En hún er ekki tilbúin eins og er.

d) Önnur mál.

Fræðslunefnd þykir miður að Skóla og Velferðarþjónustasta hefur ekki boðað stjórnendur Krakkaborgar á fundi eða komið fram upplýsingum um starfsemi eða hvernig þjónustan nýtist leikskólanum.

Fræðslunefnd hvetur því sveitastjóra til að ganga í málið.

Umræður fóru fram varðandi Orkugerðina ehf, lyktar mengun þaðan og hvort rétt væri að senda inn umsögn í nafni Fræðslunefndar.

Niðurstaðan var sú að leikskólastjóri sendir inn umsögn, þó svo fundurinn hafi verið sammála um að þetta væri ekki viðunandi ástand.

Pennan lið sátu: Axel, Bjarni, Sævar, Margrét, Hjalti, Helga Rut og Sara

2. Sameiginlegt

a) Starfsáætlun fræðslunefndar 2025-2026

Engar athugasemdir við starfsáætlunina og hún samþykkt.

b) Önnur mál. Engin.

Pennan lið sátu: Axel, Bjarni, Sævar, Margrét, Hjalti, Helga Rut, Sara, Bryndís, Jóhanna og Þórunn.

3. Flóaskóli

a) Fréttir af skólastarfinu.

Nýbúin foreldravíðtöl, nemendur Flóaskóla voru með nemendastýrð viðtöl og m.a. voru nemendur á miðstigi með vídeó sýningu fyrir foreldra sem var skemmtilegt og heppnast vel. Skólastarfið var skert einn dag vegna ófærðar.

Örvar íþróttakennari er tilnefndur til Íslensku menntaverðlaunanna.

b) Starfsáætlun Flóaskóla 2025-2026

Farið var yfir Starfsáætlun Flóaskóla sem er heilmikið plagg en eingöngu voru athugasemdir varðandi nokkrar stafsetningavillur.

Starfsáætlun Flóaskóla var staðfest.

c) Fjárhagsáætlun fyrstu drög

Farið var yfir drög að fjárhagsáætlun en nokkrir hlutir koma upp sem væri gott að fá í mötuneyti. Þar er einnig erindi sem Fræðslunefnd barst.

„Mötuneytið er komið til ára sinna og aðstaða í eldhúsi er komin að þolmörkum. Matráður hefur farið í nokkur mötuneyti í nærsveitum okkar til að skoða og fá hugmyndir að bættri aðstöðu.

Í Þjórsárveri er ekki eiginleg vörumóttaka, aðkoma með allar vörur er um inngang á bakhlið hússins inn í eldhús. Þar er þröng aðstaða og tröppurnar illa farnar. Þegar vörur eru komnar inn teppist gangurinn alveg og ekki hægt að athafna sig fyrir en búið er að ganga frá auk þess sem vörurnar hindra aðgengi að flóttaleið úr eldhúsi.

Salernisaðstaða fyrir starfsfólk er mjög þröng. Salerni og ræstiaðstaða fyrir eldhús er í sama litla rýminu.

Það vantar orðið kælislefa og frystiklefa. Frystar og kælar sem fyrir eru taka ekki nægilegt magn til að hægt sé að panta í magninnkaupum.

Brýn þörf er á að kaupa annan ofn í eldhúsið og æskilegt væri að reikna með kaupum á árinu 2026. Einn ofn annar ekki allri eldamennsku fyrir skólann sem takmarkar það úrval sem hægt er að bjóða upp á í matinn. Sem dæmi má nefna að þegar eldaðar eru steiktar kartöflur þarf að steikja þær fyrirfram, síðan steikja matinn og skerpa svo á kartöflum áður en borið er fram. Einnig þegar borið er fram bygg og/eda hrisgrjón með matnum þá þarf að elda það fyrst og geyma meðan verið er að steikja matinn.

Víða í mötuneytum eru vatnsvélar sem skapa mikið hagræði í matsal, því mikill vatnsburður er hjá starfsfólki í matsal í matartímum u.þ.b. 50 lítrar. Eins og aðstaðan er núna eru vatnskönnur fylltar að morgni og þær settar í kælikápa. Þær eru síðan bornar fram í matsal í matartímum. Við óskum því eftir vatnsvél á leigu sem væri bara með köldu vatni og annaði 50-100 lítrum á klukkustund. Hægt væri að setja upp borð með vatnsvél og glösum sem nemendur gætu gengið í að vild yfir matartímann. Við teljum að slík aðstaða myndi einnig auka vatnsdrykkju nemenda sem væri mjög æskilegt.

Kæliborð/salatbar fyrir salat, grænmeti og kaldar sósur væri mjög æskilegt svo grænmeti haldist ferskt yfir allan matartímann. Þannig verður bæði betri nýting á hráefninu og það verður gírnilegri kostur fyrir nemendur.

Æskilegt væri að fá rekka á hjólum fyrir matardíska.

Rífurleg breyting til batnaðar hefur orðið á hljóðvist í matsalnum bæði með loftaplötum og hljóðdempandi tjöldum og teljum við mikilvægt að geta haldið í það rými sem á þennan hátt hefur verið afmarkað. Auk þess sem dýrmætt er að hafa hinn hluta salarins opinn fyrir

- Vatnsvél á leigu 120.000 kr á ári
- Ofn svo hægt sé að hafa undan að baka ofan í fólkið 2.500.000 kr
- Diskarekki 280.000 kr
- Salatbar, lítill 500.000 kr

Annað erindi barst Fræðslunefnd;

„Í Flóaskóla nota nemendur chromebooks tölvur og spjaldtölvur við nám sitt í skólanum. Elsta stig er með chromebooks, eina á nemanda, miðstig er með bekkjarsett af chromebooks og sex spjaldtölvur, yngsta stig er með 10 spjaldtölvur. Einkasímar nemenda hafa einnig töluvert verið nýttir til að auka möguleika nemenda á að nýta ýmsar netlausnir við vinnu sína. En við viljum takmarka notkun einkatækja í skólanum út frá sjónarmiðum persónuverndar og viljum því geta mætt þörf nemenda fyrir notkun snjalllausna sem mest með tækjum skólans.

Síaukin þörf er fyrir snjalltæki í kennslu. Í aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir notkun snjalltækja og hluti af hæfniviðmiðum nemenda snúa að tækni- og miðlalæsi. Auk þess eru hæfniviðmið innan margra námsgreina sem gera ráð fyrir notkun snjalltækja. Í flestum námsgreinum er til umtalsvert magn kennsluhugmynda sem byggja á notkun kennsluappa og -forrita. Sjá má mikla framþróun í þeim málum ár hvert og mikilvægt að geta nýtt sér þá auðlind í starfinu.

Spjaldtölvur og önnur snjalltæki geta stuðlað að einstaklingsmiðuðu nám og auðveldað fjölbreytt og sveigjanlegt skólastarf. Með því að samþætta nýjustu tækni við hefðbundna kennsluhætti má stuðla að því að nemendur þrói færni í upplýsingavinnslu, skapandi verkefnavinnu og samvinnu sem eru lykilþættir í framtíðarsamfélagi.

Mörg kennsluöpp eru einungis í spjaldtölvunum en við viljum ekki nýta þær eingöngu af því þar læra nemendur ekki á lyklaborð og öll ritvinnsla er erfiðari. Því teljum við mikilvægt að nýta bæði chromebooks tölvur og spjaldtölvur.

Æskilegt væri að skólinn ætti eina chromebook fyrir hvern nemanda á mið og elsta stigi og bekkjarsett á yngsta stigi. Þá væri æskilegt að eiga bekkjarsett af spjaldtölvum á öllum stigum. Að þessu viljum við stefna á næstu þremur árum. Hafa þarf í huga að elstu chrombooks tölvurnar eru komnar til ára sinna og líklegt er að þær úreldist smá saman á næstu árum.

Á þessari töflu má sjá hugmynd að áætlun um kaup á spjaldtölvum og chrombooks 2026-2028.

spjaldtölvur					
1.-4.		5.-7.		8.-10.	
fjöldi sem er til	æskilegur fjöldi	fjöldi sem er til	æskilegur fjöldi	fjöldi sem er til	æskilegur fjöldi
10	15	6	16	0	15
2026					
+2		+6		+6	
2027					
+3		+4		+9	

chrombooks					
1.-4.		5.-7.		8.-10.	
fjöldi sem er til	æskilegur fjöldi	fjöldi sem er til	æskilegur fjöldi	fjöldi sem er til	æskilegur fjöldi
0	15	16	40	40	40
2026					
0		+4		+1	
2027					
		+10			
2028					
+15		+10			

Kennarar, þroskahljófar og stjórnendur nota fartölvur. Ritari er með borðtölvu og aðrir starfsmenn hafa aðgang að einni fartölvu. Undanfarin ár hafa verið keyptar inn fartölvur til að geta skipt út eldri tölvum. Eins og staðan er núna eru ekki til nothæfar fartölvur fyrir alla kennara og þroskahljófa í skólanum en það er stefnan að ná því markmiði á komandi ári. Til að svo megi verða þarf að kaupa fjórar fartölvur á nýju ári. Síðan þarf að gera ráð fyrir kaupum á u.þ.b. tveimur tölvum á ári til að mæta útskiptum og óvæntum bilunum.

Skjávarpar hafa verið uppi í flestum kennslustofum skólans en þeir eru komnir til ára sinna og hafa verið að heltast úr lestinni einn af öðrum. Í þeirra stað höfum við keypt snjallsjónvörp með chromecast. Því miður hafi fleiri skjávarpar gefið sig en vonir stóðu til þannig að við þurfum að fara í útskipti fyrr en við ætluðum okkur. Eins og staðan er í dag eru einungis 4 skjávarpar nothæfir og aðeins tímaspursmál hvenær þeir gefa sig. Við sjáum því fram á að þurfa að flyta kaupum á snjallsjónvörpum. Fyrir liggur að það vantar tæki í sjö kennslustofur í núverandi húsnæði.

Á töflunni má sjá áætlun um æskileg innkaup 2026-2028

Tölvur, tækni- og netmál í Flóaskóla				Áætlun næstu ára	
Áætluð heildarþörf skólans árið 2026				2027	2028
vara	áætlað verð	fjöldi	heildarverð	fjöldi	fjöldi
sjónvarp með kasti í stað skjávarpa	165.000 kr	7	1.155.000 kr		ný rými
ípað fyrir nemendur	70.000 kr	14	980.000 kr	16	
chromebook fartölva f nemendur	60.000 kr	5	300.000 kr	10	25
fartölva fyrir starfsmenn	190.000 kr	4	760.000 kr	2	2
			3.195.000 kr		

Flóaskóli hefur verið með þjónustusamning við TRS, nú Opin kerfi, varðandi tæknilausnir. Síaukinn viðvarandi vandi hefur verið til staðar í skólanum þar sem net skólans hefur ítrekað dottið út, er afar hægt og hamlar í síauknu mæli vinnu bæði starfsmanna og nemenda. Það einfaldlega annar ekki þeirri þörf sem til staðar er.

Fulltrúar Flóaskóla funduðu með fulltrúa frá Opnum kerfum og þar kom í ljós að móttökusendar í Flóaskóla eru komnir til ára sinna, voru settir upp 2006 og 2011 og orðin brýn þörf á að skipta þeim út og styrkja netsamband í skólanum. Skólinn þarf að setja af stað greiningarvinnu um hvað þarf að uppfæra og hver kostnaðurinn er við það. Sú vinna er í gangi og væntum við niðurstöðu í lok nóvember 2025. Þegar niðurstaða liggur fyrir þarf að setja fram áætlun um endurnýjun búnaðar. Afar brýnt er að gera ráð fyrir þessum útgjöldum á árinu 2026. “

Margt rætt varðandi fjárhagsáætlun en *Fræðslunefnd tekur undir með stjórnendum Flóaskóla að nauðsynlegt er að það sé kennsluhæft hvað varðar borð, stóla, tækjabúnað og internet í nútíma skóla.*

d) Skólaakstur 2025-2026

- **Akstursleið 1** bíll rúmar 20 farþega, skráðir farþegar 19 þar af þrír með sæti í tveimur bílum. Fyrsta barn í bíl að morgni um kl 7:10 á Selfossi, fyrsta barn í Flóahreppi 7:23.
- **Akstursleið 2** bíll rúmar 20 farþega, skráðir farþegar 20. Fyrsta barn í bíl að morgni um kl 7:15
- **Akstursleið 3** bíll rúmar 20 farþega, skráðir farþegar 19, þar af einn með sæti í tveimur bílum. Fyrsta barn í bíl að morgni um kl 7:25
- **Akstursleið 4** bíll rúmar 23 farþega, skráðir farþegar 21. Fyrsta barn í bíl að morgni um kl 7:10
- **Akstursleið 5** bíll rúmar 32 farþega, skráðir farþegar 30, þar af tveir með sæti í tveimur bílum. Fyrsta barn í bíl að morgni um kl 7:30

Fræðslunefnd telur tíma barna vera í hámarki en samkvæmt bílstjórum eru það aðallega vondir og illa hirtir vegir sem gera leiðir seinfarnar og erfiðar. Spurning hvort ekki sé hægt að hefла helstu vegi oftár en tvisvar á ári í Flóahreppi.

e) Reglur um skólamáltíðir

Fræðslunefnd mælist til að óbreytt fyrirkomulag verði viðhaft.

f) Önnur mál. Engin önnur mál.

Þennan lið sátu: Axel, Bjarni, Sævar, Margrét, Hjalti, Bryndís, Þórunn, og Jóhanna

4. Trúnaðarmál.

Bókað í trúnaðarmálabók.

Þennan lið sátu: Axel, Bjarni, Sævar, Margrét, Hjalti, Þórunn, og Jóhanna